

Nd.

670. Frumvarp til laga

[371. mál]

um breytingu á lögum nr. 5/1984, um vísitölu framfærslukostnaðar og skipan Kauplagnesnefndar.

Flm.: Svavar Gestsson, Garðar Sigurðsson, Geir Gunnarsson,
Guðmundur J. Guðmundsson, Guðrún Helgadóttir, Hjörleifur Guttormsson,
Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 2. gr. kemur ný mgr. sem orðast svo:

Við útreikning á vísitölu framfærslukostnaðar skal strax og við verður komið að mati Kauplagnesnefndar reikna sérstaklega framfærslukostnað þess þriðjungs þátttakenda sem höfðu lægst heimilisútgjöld samkvæmt neyslukönnuninni. Kauplagnesnefnd skal gefa út á þriggja mánaða fresti upplýsingar um þróun framfærslukostnaðar samkvæmt þessari mgr. Þá skal Kauplagnesnefnd og láta reikna út breytingar á útgjöldum aldraðra og öryrkja sem einungis hafa lífeyri almannatrygginga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum stendur nú yfir neyslukönnun fyrir nýjan grunn vísitölu framfærslukostnaðar. Sú könnun, sem nú stendur yfir, hófst á s.l. ári og ætlunin er að ljúka úrvinnslu hennar á þessu ári. Könnunin er mun víðtækari en sú sem byggt var á við síðasta vísitöluútreikning og er gert ráð fyrir að nú nái könnunin til um 500 aðila en hún náði síðast aðeins til 176 fjölskyldna þegar hún var gerð upp að lokum. Þá var eingöngu miðað við launavinnufjölskyldur og einvörðungu við hjón og sambýlisfólk. Ætlunin er að ný neyslukönnun nái víðar. Verður því unnt við birtingu á niðurstöðum hennar að sýna fram á mismunandi neylusamsetningu eftir tekjum — eins og frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Tilgangurinn með frumvarpinu er ekki sá að fá mismunandi mælingar á verðbólgu eins og gjarnan virðist ætlunin með vísitöluumræðu stjórnmalamanna. Það er aukaatriði — vísitölur mæla flestar sama eða nær sama verðbólguþiggið yfir lengri tíma. Tilgangur frumvarpsins er hins vegar sá að tryggja að fram komi að vísitala meðalfjölskyldunnar og t.d. vægi bílsins eða búvörunnar er allt annað en hjá láglaunafjölskyldum.

Nýlega komu fram upplýsingar um það að verulegur hluti íslenskra fjölskyldna er undir þeim mörkum sem í alþjóðlegum skýrslum eru kölluð fátæktarmörk. Tveir sérfræðingar settu fram tilgátur í þessu efni — annar að um 17% allra fjölskyldna væru undir þessum mörkum, hinn að svo væri um 20 000 fjölskyldur af 70 000 fjölskyldum í landinu. Ljóst er — hvor talan sem notuð er — að hér er um nýtt vandamál að ræða á Íslandi eftirstríðsáranna og taka verður á því tafarlaust.

Um leið og fátæktin hefur haldið innreið sína á íslensk heimili liggur fyrir að þjóðartekjur á mann eru á þessu ári einhverjar þær hæstu sem verið hafa. Fjöldi hinna fátæku er því ekki aðeins til marks um ástand þeirra — fjöldinn er líka til marks um að hinn fámenni og ríki minni hluti er efnaðri en nokkru sinni fyrr. Milli þessara þjóðfélagshópa er óbrúanlegt bil — milli hinna fátæku annars vegar og hins forrika litla minni hluta hins vegar. Því bili verður ekki eytt með meðaltalsvísitölum. Það er liðin tíð að slíkar vísitölur séu nothæf stjórntæki; þær eru hins vegar, eða geta verið, ágætur mælikvarði á verðbreytingar í heild. En veruleikinn á bak við vísitölurnar er svo mismunandi að fráleitt er að ætla að stýra þjóðfélaginu út frá einhverjum vísitölumédaltalsjöni.